



Kröftugur vöxtur í hagkerfinu

Mikill vöxtur innflutnings dregur niður hagvöxt

Alls nam verg landsframleiðsla á síðasta ári 1.993 ma.kr. og hefur hún aldrei verið meiri. Hagkerfið hefur nú endurheimt sig eftir fallið sem varð í landsframleiðslunni á árunum 2008-2010 og er landsframleiðslan nú 0,6% að meiri að raunvirði en á árinu 2008. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar var hagvöxturinn á árinu 1,9%

Mikill vöxtur innflutnings dregur niður hagvöxt

Töluvert kröftugur vöxtur þjóðarútgjalda mældist á síðasta ári en þau eru samtala einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar. Vöxturinn milli ára nam 5,3% sem gefur til kynna að hagkerfið sé á verulegu skriði um þessar mundir.


Að teknu tilliti til áhrifa utanríkisviðskipta jókst verg landsframleiðsla um 1,9%. Munurinn á þessum tveimur stærðum skýrist af aukningu innflutnings umfram útflutning. Innflutningur jókst um 9,9% að raunvirði en útflutningurinn töluvert minna eða um 3,1%. Alls var framlag utanríkisverslunar til hagvaxtar því neikvætt um 3 prósentustig.

Hagvöxturinn aðeins undir væntingum miðað við bráðabirgðatölur


Hagvöxturinn er undir væntingum allra þeirra sem gefa út þjóðhagsspár en opinberar spár liggja á bilinu 2,0% til 3,1%. Að meðaltali gerðu spár ráð fyrir um 2,8% vexti.

Hluti spáskekkjunnar felst í vanmati á vexti innflutnings og að vöxtur hans hafi ekki skilað sér með samsvarandi hætti í aukningu einkaneyslu og fjárfestingar í tölum Hagstofunnar. Sögulega séð hafa breytingar í innflutningi verið skýrðar nánast að öllu leyti með breytingum í annars vegar einkaneyslu og atvinnuvegafjárfestingu. Á síðasta ári var innflutningurinn hins vegar mun meiri en skýra megi með vexti einkaneyslu og atvinnuvegafjárfestingar og það hefur í för með sér minni hagvöxt en ella.


Líklegt er að þessi innflutningur eigi eftir að skila sér inn í einkaneyslu og fjármunamyndun annað hvort í



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heimild: Heimasíða viðkomandi stofnunar eða fjármálafyrirtækis



fyrstu tölum fyrir 2015 eða við endurskoðun á landsframleiðslunni fyrir 2014.

Kröftugur vöxtur bæði einkaneyslu og fjármunamyndunar

Vöxtur einkaneyslu var kröftugur eða 3,7% og hefur hann ekki mælst meiri síðan árið 2007 en þá var vöxturinn 7%. Þetta er nokkuð meiri vöxtur en verið hefur síðustu ár. Þannig mældist vöxturinn t.d. einungis 0,5% árið 2013 en var 2% og 2,6% árin 2012 og 2011.

Eins og gildir um einkaneysluna hefur ekki mælst meiri vöxtur í fjármunamyndun síðan fyrir hrún. Vöxturinn á síðasta ári nam 13,7% og var hann borinn uppi af vexti atvinnuvegafjárfestingar (+15,1%) en einnig reyndist góður vöxtur í íbúðafjárfestingu (+14,9%).

Mest jókst fjárfesting í fiskveiðum, eða um 143% milli ára, og byggingastarfsemi um 42%. Fjárfesting hins opinbera jókst um 7,5%.

Einkaneysla enn undir sögulegum gildum




Ólíkt landsframleiðslunni í heild hefur einkaneyslan ekki náð aftur þeim gildum sem hún var í fyrir fall viðskiptabankanna þrátt fyrir kröftugan vöxt á seinasta ári.

Árið 2014 var einkaneyslan 1.048 ma.kr. sem er 8,7% minna að raunvirði en árið 2007 og 2,3% minna en árið 2006. Mælt í hlutfalli af landsframleiðslu vantar einnig nokkuð uppá. Einkaneysla var á síðasta ári 52,6% af landsframleiðslu en hún var að meðaltali 56,9% af landsframleiðslu á árunum 1997 til 2008.

Þessi munur skýrist að einhverju leyti af því að á árunum fyrir 2008 voru heimilin að auka skuldir sínar og sú skuldsetning kom að einhverju leyti fram í einkaneyslu, en á síðustu árum hafa heimilin verið að minnka skuldir sínar.

Landsframleiðslan á fyrstu 9 mánuðum ársins endurskoðuð upp á við.

Fyrsta mat Hagstofunnar á landsframleiðslunni fyrstu níu mánuði ársins, sem hún birti í desember síðastliðinn, vakti talsverða athygli fyrir lítinn hagvöxt sem mældist einungis 0,5% milli ára. Efasemdaraddir sem þá komu upp virðast hafa haft talsvert til síns máls því uppfært mat Hagstofunnar





nú gerir ráð fyrir að hagvöxturinn hafi verið 1,5% á þessu tímabili. Auk þess mældist 3% hagvöxtur á fjórða ársfjórðungi sem dró árshagvöxtinn upp í 1,9% fyrir árið í heild.

Miðað við fyrra mat á hagvexti fyrstu 9 mánuði ársins munar mest um að í stað 0,2% samdráttar milli ára á þriðja ársfjórðungi gerir Hagstofan nú ráð fyrir 1,7% hagvexti á fjórðungnum. Hagstofan gerir nú ráð fyrir um 5,4 ma.kr. meiri einkaneyslu á fyrstu níu mánuðum ársins, 11,4 ma.kr. meiri fjármunamyndun og að um 7 ma.kr. minnkun á birgðum hafi ekki átt sér stað miðað við desembertölur.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.